

021/00 - M.b. Petra ÍS-78

Petra ÍS-78, tekur niðri á Tangann við Sanda í Dýrafirði er stjórnandinn sofnar

M.b. Petra ÍS-78

Skipaskr.nr.: 2335

Smíðaður: í Hafnarfirði 1998 úr trefjaplasti

Stærð: 7,00 brl; 5,81 bt

Lengd: 9,36 m **Breidd:** 2,96 m **Dýpt:** 1,26 m

Vél: Yanmar 213,24 kW **Árgerð:** 1998

Annað:

Földi skipverja: 2



Petra ©Hreiðar Olgeirsson

Atvikalýsing

Að kvöldi hinn 27. janúar 2000 var m.b. Petra ÍS-78 að koma af miðunum og á siglingu inn Dýrafjörð á leið til hafnar á Þingeyri. Veður: ??

Skipstjóri var við stjórnvöl en hásetinn sofandi í hvílu. Á siglingunni dottaði skipstjóri við stjórnvölin með þeim afleiðingum að báturinn tók niðri á Tanganum við Sanda. Báturinn komst án aðstoðar af strandstað.

Við rannsókn kom fram

- að skemmdir reyndust á skrúfu og stýrisstamma;
- að skipstjóri hafi sofnað við stjórn, að hans sögn;
- að skipstjóri hafi vaknað þegar í óefni var komið.

Nefndarálit

Nefndin hefur ekki frekari upplýsingar um málið, en áréttar mikilvægi þess að menn haldi vöku sinni við stjórn skips. Að gefni tilefni vill nefndin minna á að það er skylda aðila að veita henni sem bestar upplýsingar um atvik sem verða.